

Ástand hrossa við útflutning

Ahaustdögum gengur sá tími í garð sem að mestur hrossa-útflutningur er frá landinu en kaupendur erlendis velja þennan tíma vegna þess að þá er engin fluga lengur að plaga hestana erlendis. Það eru flutt út um eitt hundrað hross á viku um þessar mundir og fara flest til Svíþjóðar og Pýskalands. Hrossin fara öll með flugvélum og aðal áfangastaðir eru Norrköping í Svíþjóð og Liege í Belgíu, en á þessum stöðum eru sérstakar landamærastöðvar, sem taka við hrossum inn í Evrópu frá svokölluðum þriðju löndum, eins og Íslandi.

Það ætti að vera metnaður íslenskra hrossaræktenda að senda frá sér heilbrigð, vel hirt og snyrtileg hross til útflutnings. Gullna reglan á að vera að senda hrossið frá sér í því ástandi sem maður vildi sjálfur taka á móti því. Hrossið sem flytja skal út á að vera rétt skráð í Worldfeng, sem er skráningargrunnur íslenska hestsins áður en það er sent af stað til útflutningsskoðunar. Eftir þeim gögnum sem skráð eru í Worldfeng, er gefið út hestavega-bréf fyrir hestinn, þar sem meðal annars kemur fram hver hesturinn er, aldur, litur, merking og ætt hans og uppruna er lýst. En langflest hross eru í dag merkt með svokölluðu örmerki, sem komið hefur verið fyrir í makka hestsins, en þar er um



Morgunblaðið/Ómar

Ferðalag Útflutningur hrossa skapar töluverðar tekjur.

að ræða 15 tölustafa einkvæmt númer, sem lesið er af með sérstöku aflestrartæki.

Hrossin verða að vera heilbrigð og í góðum holdum við útflutning og þau skulu vera vel hirt og hrein. Ekki er heimilt að flytja járnúð hross úr landi, en þessi regla er sett til að síður komi til þess að þau meiddi hvort annað í flutningnum. Mjög æskilegt er að hrossin séu bandvön við útflutning, bæði er miklu léttara að skoða hross sem eru eitthvað tamin og einnig hitt að miklu betra er fyrir hrossin að þau séu mannvön, þegar senda þarf þau milli landa. Hross sem eru stygg og hrædd eiga miklu erfðar með að ganga í gegnum feril skoðanna og flutnings. Óheimilt er að flytja úr landi fylfullar hryssur sem gengnar eru með sjö mánuði eða lengur.

Gunnar Örn Guðmundsson, héraðsdýralæknir hjá Matvælastofnun.